



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

TE/18/2042

26. nóvember 2018

Tilvísun: 2018110048/06.05.01

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, þskj. 367 - 314. mál.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist tölvupóstur frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, 9. nóvember 2018, þar sem óskað er umsagnar um lagafrumvarp um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, þskj. 367, 314. mál. Af því tilefni er efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi

u m s ö g n:

Skattrannsóknarstjóri ríkisins telur ástæðu til að gera athugasemdir við ákvæði 23. gr. og 40. gr. frumvarpsins.

Í 23. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að eftirlitsaðilar skuli tilkynna án tafar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu verði þeir við framkvæmd starfa sinna varir við viðskipti sem tengjast peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka. Í athugasemdum með ákvæðinu kemur fram að tilkynnt skuli án tafar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu verði eftirlitsaðilar við störf sín varir við viðskipti er lúta mögulega að refsiverðri háttsemi. Samkvæmt frumvarpinu er ríkisskattstjóri annar eftirlitsaðila.

Samkvæmt 6. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (tskl.), skal ríkisskattstjóri tilkynna skattrannsóknarstjóra hafi ríkisskattstjóri grun um skattsvik eða að refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga hafi verið framin. Telur skattrannsóknarstjóri óljóst hvernig fara eigi með vísun mála á grundvelli framangreindra ákvæða þar eð ríkisskattstjóri kann við eftirlit skv. fyrirliggjandi frumvarpi að verða var við háttsemi sem kann hvorutveggja að fela í sér grun um skattsvik og peningabætti. Liggur enda fyrir að skattalagabrot eru að veigamiklu leyti frumbrot peningabættis. Í samræmi við fyrrnefnd ákvæði bæri ríkisskattstjóra að tilkynna grun um brot annars vegar til skattrannsóknarstjóra vegna rannsóknar á mögulegu skattalagabroti, og hins vegar einnig til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu vegna gruns um peningabætti. Telur skattrannsóknarstjóri að kveða verði skýrt á um hvernig háttað verði vísun mála að þessu leyti svo ekki fari gegn 6. mgr. 96. gr. tskl. og komist verði hjá tvíverknaði.



Í 40. gr. frumvarpsins kemur fram að þrátt fyrir þagnarskyldu sé aðilum sem hafa eftirlit með lögunum og öðrum lögbærum stjórnvöldum, þar með talið skattyfirvöldum og lögreglu, sem vegna starfa sinna gegna skyldum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, skylt, að eigin frumkvæði, eða samkvæmt beiðni, að deila upplýsingum og gögnum sín á milli sem falla undir lög þessi, varði málefnið upplýsingar eða gögn sem kunna að heyra undir valdsvið þess sem upplýsingum er deilt með. Með ákvæðinu er þagnarskyldu aflétt af eftirlitsaðilum og öðrum stjórnvöldum sem vegna starfa sinna gegna skyldum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Á undanförmum misserum hefur nokkur fjöldi tilkynninga borist embætti skattrannsóknarstjóra frá peningabættisskrifstofu héraðssaksóknara vegna gruns um skattalagabrot er vaknað hafa við yfirferð peningabættisskrifstofu á innsendum tilkynningum. Er óvarlegt að ætla annað en þeim tilkynningum til skattrannsóknarstjóra muni fjölga enn frekar verði frumvarpið samþykkt.

Í kjölfar greiningar skattrannsóknarstjóra á tilkynningum frá peningabættisskrifstofu er ákvörðun tekin um hvort tilefni sé til formlegrar rannsóknar af hálfu skattrannsóknarstjóra vegna ætlaðra skattalagabrota. Liggi fyrir rökstuddur grun um brot er formleg rannsókn sett af stað. Í þeim tilvikum er grunur þykir ekki rökstuddur hefur reynslan sýnt að allt að einu kunna að vera efnislegar forsendur til að framsenda mál ríkisskattstjóra til meðferðar og eftir atvikum endurákvörðunar skatta, án þess þó að mál sé þannig vaxið að grunur liggi fyrir um refsiverð undanskot, sbr. 4. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna. Í frumvarpsákvæðinu og athugasemdum með því er móttakanda gagna og upplýsinga „eingöngu heimilt að nota gögn og upplýsingar við framkvæmd starfa sinna í samræmi við markmið laganna“. Er þannig óljóst hvort skattrannsóknarstjóra sé tækt að áframsenda ríkisskattstjóra gögn sem berast frá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í málum þegar ekki liggur fyrir grunur um refsiverða háttsemi. Til bóta væri að þetta kæmi skýrar fram í athugasemdum við frumvarpsákvæðið.

Að lokum vill skattrannsóknarstjóri benda á að með gildistöku laganna má ætla að málum sem vísað er til skattrannsóknarstjóra frá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu muni fjölga. Eru enda skattalagabrot eitt algengasta frumbrot peningabættis. Þrátt fyrir það hefur ekki verið gert ráð fyrir auknu fjármagni til embættis skattrannsóknarstjóra til að sinna þeim rannsóknum sem af því kunna að leiða.

Virðingarfyllt
fyrir hönd skattrannsóknarstjóra


Theodóra Emilsdóttir